



Landsvirkjun


01.01–31.03 2019

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar




Lykilstærðir


Rekstrartekjur





Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Handbært fé frá rekstri



Nettó skuldir



15
Vatnsafsstöðvar



3
Jarðvarmastöðvar



2
Vindmyllur



2.145 MW
Uppsett afl

S&P Global
Ratings
BBB

MOODY'S
Baa2

HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

2018
Framúrskarandi
fyrirtæki

LAUNAMERKID

Efnisyfirlit

Helstu upplýsingar, framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Rekstrarreikningur	6
Yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Helstu upplýsingar

Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

Fjárhæðir í þúsundum USD

	2019	2018	2017	2016	2015
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstur					
Rekstrartekjur	131.388	142.810	119.465	104.294	109.375
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	1.769	(1.648)	(653)	1.209	2.290
Rekstrartekjur samtals	133.157	141.162	118.812	105.503	111.665
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(30.706)	(35.893)	(30.544)	(23.296)	(22.410)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	102.451	105.269	88.268	82.207	89.255
Afskriftir og virðisryrningur	(33.696)	(30.623)	(29.180)	(29.273)	(27.573)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	68.755	74.646	59.088	52.934	61.682
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(18.292)	(18.720)	(15.307)	(15.108)	(9.655)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	50.463	55.926	43.781	37.826	52.027
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	6.842	(39.556)	42.555	(3.809)	(4.679)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(5.002)	16.879	(8.110)	(155)	(7.306)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	9.366	(18.856)	(3.568)	(26.896)	44.791
	11.206	(41.533)	30.877	(30.860)	32.806
Hagnaður fyrir tekjuskatt	61.669	14.393	74.658	6.966	84.833
Tekjuskattur	(20.508)	(5.328)	(25.277)	(3.522)	(29.253)
Hagnaður tímabilsins	41.161	9.065	49.381	3.444	55.580
Efnahagur					
Eignir samtals	4.440.665	4.712.186	4.472.638	4.261.913	4.202.682
Eigið fé samtals	2.200.167	2.072.166	2.017.992	1.920.232	1.746.998
Skuldir samtals	2.240.498	2.640.020	2.454.646	2.341.681	2.455.684
Nettó skuldir *	1.801.882	2.038.072	1.965.833	1.974.816	2.028.575
Sjóðstreymi					
Veltufé frá rekstri (FFO)	85.668	85.030	70.900	66.477	69.423
Handbært fé frá rekstri	83.989	81.142	66.285	68.711	82.850
Fjárfestingar	(17.832)	(42.582)	(67.732)	(22.248)	(14.403)
Fjármögnun	(54.022)	160.679	95.757	(64.717)	(52.293)
Lausafé					
Handbært fé	126.435	327.844	241.417	125.810	219.264
Óádrægin lán	347.903	388.866	472.184	365.366	276.525
Lausafé alls	474.338	716.710	713.601	491.176	495.789
Kennitölur					
Arðsemi eiginfjár **	7,4%	3,4%	5,9%	1,8%	7,9%
Eiginfjárhlutfall	49,5%	44,0%	45,1%	45,1%	41,6%
Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) **	4,75x	5,55x	5,26x	4,68x	4,05x
Veltufé frá rekstri / nettó skuldir **	17,6%	14,6%	12,2%	12,0%	12,9%
Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld **	3,76x	4,36x	3,89x	3,38x	3,00x
Nettó skuldir / EBITDA **	4,66x	5,62x	6,39x	6,28x	5,99x
Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok mars					
Standard & Poor's	BBB	BBB	BBB	BBB-	BB
Moody's	Baa2	Baa2	Baa3	Ba1	Ba2

* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádrægnu handbæru fé

** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma samandreginn samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins sem tekur, auk móðurfélagsins til fjögurra dótturfélaga, Landsnets hf., Orkufjarskipta hf., Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjunar Power ehf. Árshlutareikningur þessi hefur ekki verið endurskoðaður eða kannaður af endurskoðendum fyrirtækisins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til mars 2019 41,2 milljónum USD, en hagnaður samstæðunnar á sama tímabili árið 2018 var 9,1 milljón USD. Breytingin á milli tímabila nemur 32,1 milljón USD, einkum vegna þess að gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru jákvæðar um 1,8 milljónir USD á tímabilinu janúar til mars 2019 en voru neikvæðar um 22,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður og gjaldeyrismunar sem var jákvæður um 8,5 milljónir USD á tímabilinu en neikvæður um 18,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Tekjur samstæðunnar námu 133,2 milljónum USD á tímabilinu en voru 141,2 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 84,0 milljónir USD á tímabilinu en var 81,1 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Í lok mars 2019 nam handbært fé samstæðunnar samtals 126,4 milljónum USD og óadregin lán 347,9 milljónum USD eða alls 474,3 milljónir USD. Eigið fé samstæðunnar í lok mars var 2.200,2 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.163,1 milljónir USD í árslok 2018. Á aðalfundi 4. apríl sl. var samþykkt að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur arður að fjárhæð 4,2 milljarðar króna eða um 35,7 milljónir USD.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2019, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til mars 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til mars 2019 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættupáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. maí 2019.

Í stjórn félagsins:

Jónas Þór Guðmundsson

Álfheiður Ingadóttir

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

Gunnar Tryggvason

Jón Björn Hákonarson

Forstjóri:

Hörður Arnarson

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2019 1.1.-31.3.	2018 1.1.-31.3.
Rekstrartekjur			
Raforkusala	6	107.129	117.730
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði		1.769 (1.648)
Flutningstekjur	6	21.180	22.326
Aðrar tekjur		3.079	2.754
		<u>133.157</u>	<u>141.162</u>
Rekstrargjöld			
Orkusvið		34.962	35.348
Flutningskerfi		14.735	16.817
Almennar rannsóknir		3.908	2.210
Annar rekstrarkostnaður		10.797	12.141
		<u>64.402</u>	<u>66.516</u>
Rekstrarhagnaður		<u>68.755</u>	<u>74.646</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		843	859
Vaxtagjöld	(18.198)	(18.773)
Gjaldeyrismunur		8.464 (18.741)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða		6.842 (39.556)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga	(5.002)	16.879
	7	<u>(7.051)</u>	<u>(59.332)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	(35)	(921)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		<u>61.669</u>	<u>14.393</u>
Tekjuskattur	(20.508)	(5.328)
Hagnaður tímabilsins		<u>41.161</u>	<u>9.065</u>
Skipting hagnaðar			
Eigendur móðurfélags		37.263	7.650
Minnihluti í dótturfélögum		3.898	1.415
		<u>41.161</u>	<u>9.065</u>

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Yfirlit um heildarafkomu

	2019	2018
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Hagnaður tímabilsins	<u>41.161</u>	<u>9.065</u>
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:		
Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, breyting	(517)	(588)
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:		
Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga	<u>(1.124)</u>	<u>1.643</u>
Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals	<u>(1.641)</u>	<u>1.055</u>
Heildarhagnaður tímabilsins	<u><u>39.520</u></u>	<u><u>10.120</u></u>
Skipting heildarhagnaðar		
Eigendur móðurfélags	35.745	8.535
Minnihluti í dótturfélögum	<u>3.775</u>	<u>1.585</u>
	<u><u>39.520</u></u>	<u><u>10.120</u></u>

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.3.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		3.995.116	4.013.546
Rekstrarfjármunir í byggingu		25.297	22.573
Undirbúningskostnaður		140.408	140.698
Aðrar óefnislegar eignir		48.088	48.067
Afleiðusamningar	8	12.154	13.342
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		428	11.070
Aðrar langtímaeignir		623	762
Skatteign		0	14
Fastafjármunir samtals		<u>4.222.114</u>	<u>4.250.072</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		5.248	5.530
Viðskiptakröfur og aðrar skammtíma kröfur		66.993	68.943
Fastafjármunir til sölu	12	10.471	0
Afleiðusamningar	8	9.404	10.258
Handbært fé		126.435	116.278
Veltufjármunir samtals		<u>218.551</u>	<u>201.009</u>
Eignir samtals		<u>4.440.665</u>	<u>4.451.081</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigendaframlög		586.512	586.512
Endurmatsreikningur		162.587	164.053
Bundin hlutdeild		35.624	32.838
Þýðingarmunur	(41.756)	(40.756)
Annað eigið fé		1.325.228	1.289.803
Eigið fé eigenda móðurfélagsins		<u>2.068.195</u>	<u>2.032.450</u>
Hlutdeild minnihluta		131.972	130.606
Eigið fé samtals		<u>2.200.167</u>	<u>2.163.056</u>
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	9	1.563.137	1.808.579
Lífeyrisskuldbindingar		36.447	38.015
Tekjuskattsskuldbinding		142.686	130.733
Leiguskuldbinding		6.106	0
Skuldbindingar vegna niðurrifs		9.180	9.011
Fyrirfram innheimtar tekjur		2.572	2.847
Afleiðusamningar	8	2.685	11.538
		<u>1.762.813</u>	<u>2.000.723</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		83.994	73.102
Vaxtaberandi skuldir	9	365.180	192.302
Tekjuskattur til greiðslu		8.159	18.586
Afleiðusamningar	8	20.352	3.312
		<u>477.685</u>	<u>287.302</u>
Skuldir samtals		<u>2.240.498</u>	<u>2.288.025</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.440.665</u>	<u>4.451.081</u>

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjáryfirlit

	Eigenda- framlög	Endurmats- reikningur	Bundin hlutdeild	Þýðingar- munur	Annað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1. janúar til 31. mars 2018								
Eigið fé 1. janúar 2018.....	586.512	169.329	10.390	(38.536)	1.216.571	1.944.265	118.847	2.063.112
Þýðingarmunur				1.473		1.473	170	1.643
Lífeyrisskuldbinding, br.					(588)	(588)	0	(588)
Hagnaður tímabilsins.....					7.650	7.650	1.415	9.065
Heildarhagnaður.....				1.473	7.062	8.535	1.585	10.120
Arður.....							(1.066)	(1.066)
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif.....			679		(679)			0
Upplausn afskrifta af endurmati.....		(1.483)			1.483			
Eigið fé 31. mars 2018.....	586.512	167.846	11.069	(37.063)	1.224.436	1.952.800	119.366	2.072.166
1. janúar til 31. mars 2019								
Eigið fé 1. janúar 2019	586.512	164.053	32.838	(40.756)	1.289.803	2.032.450	130.606	2.163.056
Þýðingarmunur				(1.001)		(1.001)	(123)	(1.124)
Lífeyrisskuldbinding, br.					(517)	(517)	0	(517)
Hagnaður tímabilsins					37.263	37.263	3.898	41.161
Heildarhagnaður				(1.001)	36.746	35.745	3.775	39.520
Arður							(2.410)	(2.410)
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif.....			2.786		(2.786)			
Upplausn afskrifta af endurmati.....		(1.466)			1.466			
Eigið fé 31. mars 2019	586.512	162.587	35.624	(41.756)	1.325.228	2.068.195	131.972	2.200.167

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Sjóðstreymisýfirlit

	2019	2018
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður	68.755	74.646
Afskriftir og virðisrýrnun	33.696	30.623
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(455)	(493)
Skuldbinding vegna niðurrifs, breyting	169	158
Aðrar breytingar	12	(49)
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða	<u>102.177</u>	<u>104.885</u>
Rekstrartengdar eignir, breyting	2.569	(1.405)
Rekstrartengdar skuldir, breyting	7.649	9.117
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða	<u>112.395</u>	<u>112.597</u>
Innborgaðar vaxtatekjur	658	682
Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur	(25.927)	(27.935)
Greiddir skattar	(3.137)	(4.202)
Handbært fé frá rekstri	<u>83.989</u>	<u>81.142</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Aflstöðvar í rekstri	(8.998)	(4.348)
Fjárfesting í flutningsvirkjum	(5.382)	(5.952)
Virkjunarundirbúningur	(969)	(2.320)
Aflstöðvar í byggingu	0	(27.425)
Keypt hlutabréf	0	(2)
Aðrar fjárfestingar	(2.602)	(2.537)
Seldar eignir	119	62
Aðrar kröfur, breyting	0	(60)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(17.832)</u>	<u>(42.582)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántökur	0	240.000
Gjaldmiðlaskiptasamningar	656	0
Afborganir lána til langs tíma	(54.678)	(79.321)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(54.022)</u>	<u>160.679</u>
Breyting á handbæru fé	12.135	199.239
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1.978)	2.061
Handbært fé í ársbyrjun	<u>116.278</u>	<u>126.544</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>126.435</u>	<u>327.844</u>

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2018.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2018 fyrir utan það að samstæðan hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2019, breytingar á þeim og nýjar túlkningar. Samstæðan innleiddi í upphafi árs IFRS 16 Leigusamningar í reikningsskil sín. Staðallinn setur fram nýjar kröfur um reikningsskil vegna leigusamninga. Miklar breytingar eru á reikningsskilaaðferðum leigutaka þar sem ekki er lengur greint á milli fjármögnunarleigu og rekstrarleigu, heldur er þess krafist að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna leigusamninga. Samstæðan beitir afturvirkri innleiðingu að hluta. Samanburðartölur eru ekki endurgerðar og uppsöfnuð áhrif vegna innleiðingarinnar, sem eru aukning leiguskuldbindinga um 6,5 milljónir USD og nýtingarréttur leigueignar að sömu fjárhæð, voru færð í efnahagsreikning við innleiðingu 1. janúar 2019. Leigugreiðslur voru áður færðar á meðal rekstrargjalda, en samstæðan færir nú vaxtagjöld af leiguskuldbindingu og afskriftir af nýtingarrétti. Áhrif á afkomu og flokkun innan rekstrarreiknings eru óveruleg. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á samstæðuárshlutareikninginn. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2018 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum, sem er starfrækslumynt móðurfélagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

5. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir 1.1.-31.3.2019	Orkuvinnsla	Orku- flutningur	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	111.414	21.405	338		133.157
Tekjur innan samstæðu	4.575	16.527	1.083	(22.185)	0
Tekjur starfsþátta	115.989	37.932	1.421	(22.185)	133.157
Rekstrargjöld starfsþátta	(36.944)	(14.909)	(1.038)	22.185	(30.706)
EBITDA	79.045	23.023	383		102.451
Afskriftir og virðisrýrnun	(26.154)	(7.379)	(266)	103	(33.696)
Afkoma starfsþátta, EBIT	52.891	15.644	117	103	68.755

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit, frh.:	Orkuvinnsla	Orku- flutningur	Aðrir starfspættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Eignir starfspáttá 31.3.2019	3.926.153	837.145	20.596	(343.657)	4.440.237
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	306	6.498	122	(6.498)	428
Eignir samtals 31.3.2019	3.926.459	843.643	20.718	(350.155)	4.440.665
Starfspáttaskuldir 31.3.2019	1.842.368	469.466	4.166	(75.502)	2.240.498
Skuldir samtals 31.3.2019	1.842.368	469.466	4.166	(75.502)	2.240.498

Rekstrarstarfspættir 1.1.-31.3.2018

Tekjur frá þriðja aðila	118.385	22.505	272		141.162
Tekjur innan samstæðu	5.159	16.063	1.274	(22.496)	0
Tekjur starfspáttá	123.544	38.568	1.546	(22.496)	141.162
Rekstrargjöld starfspáttá	(39.660)	(17.483)	(1.246)	22.496	(35.893)
EBITDA	83.884	21.085	300		105.269
Afskriftir og virðisrýrnun	(23.124)	(7.256)	(345)	102	(30.623)
Afkoma starfspáttá, EBIT	60.760	13.829	(45)	102	74.646
Eignir starfspáttá 31.12.2018	3.927.241	839.517	21.130	(347.878)	4.440.010
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	10.909	6.815	161	(6.815)	11.070
Eignir samtals 31.12.2018	3.938.150	846.332	21.291	(354.693)	4.451.081
Starfspáttaskuldir 31.12.2018	1.889.722	476.027	4.056	(81.780)	2.288.025
Skuldir samtals 31.12.2018	1.889.722	476.027	4.056	(81.780)	2.288.025

6. Rekstrartekjur

	2019	2018
Raforkusala greinist þannig:	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Heildsala	24.148	30.712
Iðnaður	82.981	87.018
Raforkusala samtals	107.129	117.730
Flutningstekjur greinast þannig:		
Orkuflutningur	18.110	19.243
Flutningstap, kerfisþjónusta og aðrar flutningstekjur	3.070	3.083
Flutningstekjur samtals	21.180	22.326

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur	843	859
Vaxtagjöld	(17.624)	(19.164)
Ábyrgðargjald	(748)	(1.760)
Verðbætur	(208)	(342)
Eignfært á nýbyggingar	382	2.493
Vaxtagjöld samtals	(18.198)	(18.773)
Innlestur gjaldeyrismunur	(902)	115
Óinnlestur gjaldeyrismunur	9.366	(18.856)
Gjaldeyrismunur samtals	8.464	(18.741)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	6.842	(39.556)
Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga	(5.002)	16.879
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(7.051)	(59.332)

Skýringar, frh.:

8. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

	31.3.2019	31.12.2018
Eignir:		
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum	12.188	6.674
Álvarnir	5.599	10.177
Gjaldmiðlasamningar	3.771	6.749
	<u>21.558</u>	<u>23.600</u>
Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga	12.154	13.342
Skammtímahluti afleiðusamninga	9.404	10.258
	<u>21.558</u>	<u>23.600</u>
Skuldir:		
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum	1.311	2.640
Álvarnir	1.310	1.786
Gjaldmiðlasamningar	0	10.424
Vaxtaskiptasamningar	20.416	0
	<u>23.037</u>	<u>14.850</u>
Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga	2.685	11.538
Skammtímahluti afleiðusamninga	20.352	3.312
	<u>23.037</u>	<u>14.850</u>

9. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

		31.3.2019		31.12.2018	
	Loka- gjaldldagi	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar
Skuldir í ISK	2019-2034	3,7%	261.052	3,7%	273.367
Skuldir í CHF	2019-2022	0,0%	17.652	0,0%	20.849
Skuldir í EUR	2019-2026	0,0%	285.954	0,0%	309.111
Skuldir í USD	2019-2035	3,9%	1.363.659	3,8%	1.397.554
			<u>1.928.317</u>		<u>2.000.881</u>
Afborganir næsta árs			(365.180)		(192.302)
Skuldir til langs tíma samtals			<u>1.563.137</u>		<u>1.808.579</u>

Vaxtakjör af lánum eru á bilinu 0,0-5,0%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,6%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2018: 3,7%).

Skýringar, frh.:

9. Skuldir, frh.:

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

	31.3.2019
1.4.2019-31.3.2020	365.180
1.4.2020-31.12.2020	22.741
2021	215.292
2022	163.158
2023	165.635
2024	143.526
Síðar	852.785
	<u>1.928.317</u>

10. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði langtímaskulda

	31.3.2019		31.12.2018	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	1.928.317	2.076.267	2.000.881	2.146.307

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

Vextir greinast þannig:	31.3.2019	31.12.2018
Vaxtaberandi skuldir ISK	1,0 til 1,1%	1,1 til 1,4%
Vaxtaberandi skuldir aðrar en ISK	-0,7 til 2,6%	-0,8 til 2,8%

11. Flokkun gangvirðis

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

	Stig 2	Stig 3	Samtals
31.3.2019			
Innbyggðar afleiður		10.877	10.877
Aðrar afleiður	1.880	(14.236)	(12.356)
Endurmat rekstrarfjármuna		238.495	238.495
Eignarhlutir í öðrum félögum		548	548
	<u>1.880</u>	<u>235.684</u>	<u>237.564</u>

Skýringar, frh.:

11. Flokkun gangvirðis, frh.:	Stig 2	Stig 3	Samtals
31.12.2018			
Innbyggðar afleiður		4.034	4.034
Aðrar afleiður	8.982 (4.266)	4.716
Endurmat rekstrarfjármuna		241.338	241.338
Eignarhlutar í öðrum félögum		685	685
	<u>8.982</u>	<u>241.791</u>	<u>250.773</u>

12. Önnur mál

Á aðalfundi hinn 4. apríl sl. var samþykkt að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur arður að fjárhæð 4,2 milljarðar króna eða um 35,7 milljónir USD.

Stjórn félagsins samþykkti í mars síðastliðnum að eignarhlutum félagsins í Farice ehf. og Neyðarlínunni ohf. yrði úthlutað til eiganda félagsins. Eignarhluturinn nemur 33,2% af útgefnu hlutafé Farice og 7,9% af útgefnu hlutafé Neyðarlínunnar. Aðalfundur samþykkti úthlutunina í apríl. Eignarhlutir í Farice og Neyðarlínunni eru flokkaðir samkvæmt IFRS 5 Fastafjármunir til sölu. Samkvæmt leiðbeiningum staðalsins eru eignarhlutirnir metnir á því sem lægra reynist, bókfærðu verði á uppgjörssdegi eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Bókfært virði eignarhlutanna á reikningsskiladegi nemur 10,5 milljónum USD.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur skipað starfshóp sem leiða mun viðræður um kaup ríkisins á Landsneti hf. Landsnet annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfa. Landsvirkjun á 64,7% hlutafjár í Landsneti. Ráðherra hefur sagt að stefnt sé að því að vinnu starfshópsins ljúki fyrir árslok 2019.